

19 ásamt gjöfum þeim, sem nefndum sjóði kunna að hlotnast, leggjast við höfuð-
12. marz stóllinn, þar til höfuðstóll sjóðsins er orðinn kr. 50000.00 — fimmtíu þúsund krónur —; eftir það skal $\frac{1}{10}$ hluti ársvaxta leggjast við höfuðstóllinn.

5. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta í Sparisjóði Dalasýslu eða öðrum tryggum sjóði.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skulu skipa 3 menn: Gísli Þorsteinsson, Þorgeirsstaðahlíð, prófastur og héraðslæknir Dalasýslu. Þegar Gísli Þorsteinsson lætur af störfum, skal sýslunefnd Dalasýslu skipa mann í hans stað og skal hann skipaður til þriggja ára í senn.

7. gr.

Stjórn sjóðsins haldi gerðabók fyrir sjóðinn og færi í hann skipulagsskrána, fundarsamþykktir, umsóknir um styrk úr sjóðnum, styrkveitingar og ástæður fyrir þeim og allt annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins. Sjóðsstjórnin færi enn fremur bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld og færi í hana ársreikning sjóðsins með árituðum athugasemdum endurskoðenda reikninga sjóðsins.

8. gr.

Stjórn sjóðsins annast styrkveitingar og annað honum viðkomandi, semur ársreikning og leggur hann fyrir sýslunefnd Dalasýslu til samþykktar.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið, og skulu reikningar sjóðsins gerðir í janúarmánuði ár hvert.

9. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari, og óskast skipulagsskráin birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Akranesi, 20. febrúar 1938.

Steinunn Guðmundsdóttir.

Ólafur Guðmundsson.

Jón Kr. Guðmundsson.

20

AUGLÝSING

21. marz

um framkvæmd 6. gr. laga nr. 71 31. des. 1937, um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga.

Hér með er auglýst, að ráðuneytið hefir samþykkt að nota heimild 6. gr. laga nr. 71 31. des. 1937, til þess

- a) að falla frá innheimtu á aðflutningsgjöldum af salti frá 1. apríl n.k. til áramóta, og endurgreiða aðflutningsgjöld af salti, sem flutt hefir verið hingað til lands eftir síðustu áramót,
- b) að endurgreiða fiskveiðagufuskipum vörutoll af kolum, sem þau nota til fiskveiða í salt á næstu saltfiskvertíð. Endurgreiðslur þessar fara fram að lokinni vertíð, en nánar verður auglýst síðar hvaða skilríki þarf að hafa til þess að fá vörutollinn endurgreiddan.

Samkvæmt síðustu málsgrein 6. gr. ofanefndra laga, verður 11% viðaukinn, sem innheimtur hefir verið samkvæmt 5. gr. laganna, hækkaður upp í 12% frá 1. apríl n.k. að telja.

Fjármálaráðuneytið, 21. marz 1938.

Eysteinn Jónsson.

Einar Bjarnason.